

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum

Bæjarráð Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 10 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og leikskólafulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

	Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 52.181	kr. 81.657
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 65.677	kr. 100.115
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 77.860	kr. 117.259
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 92.045	kr. 136.406
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 104.371	kr. 153.694
Fyrir 8,5 stunda vistun	kr. 110.893	kr. 165.178
Fyrir 9,0 stunda vistun	kr. 117.414	kr. 176.661

Ef um hálfar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 6.522 fyrir hverja hálfu stund.

B Niðurgreiðsla til foreldra með tekjutengdan afslátt

	Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 62.386	kr. 83.293
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 78.520	kr. 103.034
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 93.386	kr. 120.877
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 109.187	kr. 139.655
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 124.784	kr. 158.229
Fyrir 8,5 stunda vistun	kr. 131.939	kr. 168.361
Fyrir 9,0 stunda vistun	kr. 140.377	kr. 179.776

Ef um hálfar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 7.798 fyrir hverja hálfu stund.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum dagforeldra samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra, sjá nánar í reglum þar um.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2026 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarráði 14. janúar 2025.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
10. febrúar 2026*

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.*